



Hrönn Pálmadóttir

# Gildi í samskiptum og leik ungra leikskólabarna

► Um höfund ► Efnisorð

Markmið rannsóknarinnar var að kanna, út frá sjónarhorni barna á aldrinum eins til þriggja ára í einum leikskóla, hvernig gildi birtast í samskiptum þeirra í leik og hvernig börnin takast á við ágreining um gildi. Í greininni eru niðurstöður rannsóknarinnar ræddar í tengslum við gildamenntun í leikskóla. Rannsóknin fellur undir hugmyndir innan menntunarfræði ungra barna þar sem virkni og hæfni barna til að tjá sjónarmið sín eru í brennidepli. Jafnframt er byggt á kenningum innan fyrirbærafræði þar sem lögð er áhersla á að börn skapi merkingu með líkamlegri tjáningu. Gagna var aflað í frjálsum leik með myndbandsupptökum en auk þess voru vettvangsnótur ritaðar í rannsóknarferlinu. Í grundun, siðferðilegar vangaveltur og spurningar eru hluti rannsóknar frá upphafi og í gegnum allt rannsóknarferlið. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fjögur samtvinnuð meginþemu og tjáningu barnanna á mikilvægum gildum í leiknum; (a) réttindi (b) umhyggja, (c) að tilheyra, (d) agi. Þemun tengjast aðallega tveimur sviðum gilda; annars vegar gildi sem beinast að einstaklingnum og hins vegar gildi sem snúast um barnahópið eða starf í leikskólanum. Einnig birtist ágreiningur og mismunandi valdatengsl meðal barnanna þegar réttindi og viðurkennd gildi innan hópsins voru dregin í efa eða þeim hafnað. Í augum barnanna voru hinir fullorðnu hluti af þeirra daglega lífi og þau leituðu til þeirra eftir stuðningi í leiknum.

► About the author ► Key words

## Values in young children's interaction and play

The aim of this study was to explore, from children's perspectives, what values are important in play. Also how children resolve value conflicts that might occur. In the article, the findings are discussed in the context of value education in preschools. In the Icelandic national curriculum guidelines for preschools, emphasis is placed on children's learning of democratic values through active participation and play (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Hence, the guidelines support the ideas of Hess (2009) which indicate that democracy is closely linked to daily interactions where children in schools learn democracy by doing. She also points out that conflicts between individual and social perspectives are a necessary part of developing democratic values in education (Hess, 2009).

The study is placed within the discourse of early childhood education and care (ECEC), where children are considered active, competent, and able to express their views and meanings (Clark and Moss, 2005; Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins [United Nations Convention on Children's Rights], 1989). The research is inspired by phenomenological theories based on the notions that children communicate and express their feelings with bodily expressions, that through their interactions they learn about themselves and others (Merleau-Ponty, 1945/1962), and

that play is considered a complex phenomenon originating in the movements of the body (Bujtendijk, 1933). Through complex interactive processes, play demands that children indicate their perspectives and intentions and at the same time respond to others' perspectives. Thus, children communicate and express values about good and bad, right and wrong regarding their own and others' actions and behaviours (Hrönn Pálmadóttir and Johansson, 2015; Johansson, 2011). Values are, therefore, intertwined in children's preschool interactions and play. The phenomenological approach is grounded in qualitative research paradigms. The study was conducted with children aged one to three years, in two units of one preschool in Iceland. Data were gathered during a five-month period with observations by video recordings and field notes written during the research process. Informed consent was obtained from the municipal authorities, the preschool principal, the educators, the children and their parents. Children's free play in the morning was chosen for data collection. A hermeneutics approach was used in interpretation in order to understand the children's experiences from their own perspectives (Bengtson, 2013; Gadamer, 2004). Additionally, the analysis of the data was inspired by thematic research analyses described by Braun and Clarke (2006).

Researchers have ethical obligations to the participants in a study, no matter what their age is. The researchers' main obligations are to respect people's integrity and humanity (Alderson, 2014). Thus, ethical questions are included in the research project from the very beginning and continue to inform it throughout the entire process. Acquiring the youngest children's assent can be problematic and demands ethical awareness. The researcher is responsible for interpreting children's expressions regarding their assent and dissent and pays attention to children's bodily communication (Dockett, Jóhanna Einarsdóttir and Perry, 2012; Løkken, 2012).

The findings indicate that, in the eyes of the children, the interactions formed through play were both desirable and challenging. The centrality of the body was a predominant factor in children's meaning-making. The communication and expression was built upon intersubjective processes.

The findings reveal that the children saw free play as common ground for communicating and expressing values and value conflicts. Four intertwined themes occurred, showing children's expression of important values in their play: (a) rights, (b) care, (c) belonging, and (d) discipline. These values were mostly connected to two value fields: the individual, and the group or daily life in the preschool. The children sought educators' support in their play. Unequal power relations, appeared in children's interactions, on occasions when they challenged or rejected values acknowledged by the group. In order to foster value education in preschool, the study reveals the importance of identifying conflicting perspectives in children's play. The play sessions and preschool pedagogy should, therefore, provide children with ample opportunities and encouragement in creating their relationships and play.

## Inngangur

Þessi grein fjallar um rannsókn á því hvernig ung leikskólabörn tjá gildi í samskiptum sínum í leik. Nær öll börn á aldrinum tveggja til sex ára eru í leikskólum á Íslandi og vaxandi fjöldi barna hefur leikskólagöngu við eins árs aldur. Í leikskólum er byggt á hugmyndum um lýðræði, réttindi allra barna til að tilheyra hópnum eiga að vera tryggð og raddir allra að fá að heyrast. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) er leikur helsta námsleið barna. Litið hefur verið á leik sem mikilvægan þátt í bernskunni og því að vera barn (Sandberg og Vuorinen, 2010) og talið er að uppsprettu leiks sé að finna í persónulegum áhuga barnsins ásamt hvatningu og örvun frá umhverfinu (Clark, 2010). Einnig er það þekkt að leikur ungra barna einkennist af margræðri líkamlegri tjáningu (Sutton-Smith, 1997; Øksnes, 2010). Leikur og leikrænar athafnir eru því örjúfanlegur þáttur í tilveru barna í leikskólum þar sem þau túlka efnislegt og félagslegt umhverfi

sitt og skapa merkingu í samskiptum sínum við aðra. Gert er ráð fyrir að börn nemi lýðræðisleg gildi í leik við félag og með virkri þátttöku í skólafarfinu og þannig læri þau að verða borgarar í samfélaginu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Áhersla aðalnámskrár á lýðræði sem leiðandi gildi er í góðu samræmi við hugmyndir Hess (2009), sem heldur því fram að lýðræði sé nátengt samskiptum og daglegu lífi þar sem börn læra með því að „taka þátt í lýðræði“ í skólum (e. doing democracy). Hess bendir jafnframt á að átök milli hins einstaklingsbundna og sameiginlega sjónarhorns séu nauðsynlegur þáttur í þróun lýðræðislegra gilda í menntun (Hess, 2009). Gildi er flókið hugtak og er gjarnan tengt siðferði og viðhorfum sem miðlað er í skólafarfinu. Í flóknu ferli samskipta kallar leikur á að börn gefi eigin sjónarmið og fyrirætlanir til kynna og bregðist um leið við sjónarmiðum annarra. Þannig miðla börnin og takast á um gildi sem tengjast því hvað er gott og slæmt og rétt og rangt í eigin athöfnum og hegðun sem og félaganna (Hrönn Pálmadóttir og Johansson, 2015; Johansson, 2011). Þegar rætt er um gildamenntun (e. value education) er yfirleitt átt við námsferli eða kennslu þar sem gert er ráð fyrir að börn tileinki sér gildi (Halstead og Taylor, 2000; Thornberg, 2008).

Markmið rannsóknarinnar var að kanna, út frá sjónarhorni barna á aldrinum eins til þriggja ára í einum leikskóla, hvernig gildi birtast í samskiptum þeirra í leik og hvernig börnin takast á við ágreining um gildi. Í greininni er sagt frá bakgrunni rannsóknarinnar, þeim aðferðum sem var beitt og niðurstöður rannsóknarinnar ræddar í tengslum við gildamenntun í leikskóla.

## Bakgrunnur rannsóknarinnar

### Líkaminn og leikur

Rannsóknin fellur undir hugmyndir innan menntunarfræði ungra barna þar sem virkni og hæfni barna til að tjá sjónarmið sín er í brennidepli (Clark og Moss, 2005; Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1989). Jafnframt er byggt á kenningum innan fyrirbærafræði þar sem lögð er áhersla á að líkaminn gegni meginhlutverki í tjáningu manneskjunnar og þannig séu líkami og andi samofin (Bujtendijk, 1933; Merleau-Ponty, 1945/1962). Í rannsókninni er þess vegna einblínt á það hvernig börnin upplifa og skilja umhverfi sitt og skapa merkingu með líkamnum í samskiptum sínum við félagana. Merleau-Ponty (1945/1962) notaði hugtakið samhuglægni (e. intersubjectivity) til að varpa ljósi á hæfni manneskjunnar til að taka þátt í samskiptum. Í leikskóla skapa börn tengsl við félagana með fjölbreyttri líkamlegri tjáningu. Þannig tjá þau sameiginlega merkingu og gildi þar sem þau læra um sig sjálf og aðra (Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarnadóttir, 2012; Løkken, 2000, 2009). Þegar börn gefa til kynna löngun sína til að leika við aðra er samhuglægni forsenda fyrir þróun samskiptanna. Í rannsókn þar sem kannað var hvernig yngstu leikskólabörnin sköpuðu samfélag sitt í leik kom

í ljós að svipbrigðum og augnaráði var beint að félögum í þeim tilgangi að skapa sameiginlegan grundvöll fyrir leik, til að skýra út eigin sjónarmið og túlka sjónarmið félaganna og til að reyna að ná samkomulagi (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Samskipti barna í leik byggjast þess vegna bæði á frumkvæði einstaklings, svo sem þegar barn gefur fyrirætlun sína um leik til kynna, og á sameiginlegri fyrirætlun þegar börnin hafa í sameiningu lagt grunn að samskiptunum og hefja leik.

Merleau-Ponty (1945/1962) bendir einnig á það að hægt sé að skilja og túlka tjáningu og samskipti annarra á fleiri en einn veg (e. ambiguity). Barnið upplifi sig ætíð sjálft sem ég sjálf/ur og ég eins og aðrir upplifa mig. Börn mæta hvert öðru þar sem þau viðurkenna eða hafna sjónarmiðum hvert annars. Samskipti í leik ungra barna geta þess vegna einkennst af gleði og samstöðu (e. togetherness) (Hännikänen, 2001; Hundeide, 2003) en jafnframt leitt til átaka milli þeirra (Corsaro, 2009). Einnig hefur verið bent á að barnið geti verið hæft í samskiptum sínum við aðra en samt hjálparþurfi að einhverju leyti (Johansson og Emilson, 2010).

### Gildi og átök um gildi

Frá unga aldri tileinka börn sér gildi innan veggja leikskólans. Sigrún Aðalbarnardóttir (2007) bendir á að gildin virðing og umhyggja séu hornsteinar mannlegra samskipta og að önnur gildi séu samtvinnuð þeim og myndi vef lífsgilda sem flest séu af siðferðilegum toga. Í þessari rann-

sókn er gengið út frá skilgreiningu Hitlin og Piliavin (2004) sem líta svo á að gildi séu samtvinnuð í huga og athöfnum einstaklings en einskorðist ekki við annað hvort. Gildi eru hugmyndir um það sem telst vera jákvætt og neikvætt í tengslum við eigin athafnir og annarra, hegðun og fyrirætl-anir og þau birtast í daglegum samskiptum milli barna og leikskólakennara. Gildin eru því lögð til grundvallar þegar tiltekna athafnir eru metnar réttar eða ákjósanlegar (Halstead og Taylor, 2000).

Deild í leikskóla er samfélag barna og fullorðinna þar sem daglega eiga sér stað samskipti af ýmsum toga. Barnahópurinn er fjölbreyttur og í samskiptum sínum í leik deila börnin upplifunum, tilfinningum og hlutum. Börnin búa yfir ólíkri færni og reynslu sem þau bera með sér inn í leikskólasamfélagið. Í leik gera börnin eitthvað saman og það er mikilvægt fyrir þau að upplifa að þau tilheyri barnahópnum. Tengsl þeirra og vinátta byggist á því að þau fái að kynnst hvert öðru (Howes, 2011). Nýlegar rannsóknir sýna að börn móta samfélög sín í leik þar sem þau tjá gildi og semja um þau, og einnig móta gildin athafnir barnanna (Hrönn Pálmadóttir og Johansson, 2015; Juutinen og Viljamaa, 2016; Puroila og Haho, 2017; Thornberg og Oguz, 2013). Í rannsóknum í sænskum og áströlskum leikskólum kom fram að gildin réttindi og umhyggja fyrir vellíðan annarra voru mikilvæg fyrir börnin í báðum löndum. Gildi sem tengdust skuldbindingu um hegðun voru mikilvægari fyrir börnin í áströlsku leikskólunum en í þeim sænsku en réttindi virtust hafa meira að segja fyrir sænsku börnin. Niðurstöður rannsóknarinnar voru í samræmi við ríkjandi áherslur í leikskólunum (Johansson, 2009). Þannig virðast börnin setja þau gildi í forgrunn sem lögð er áhersla á í leikskóla þeirra. Í rannsókn Karlsson (2014) í sænskum leikskóla kom fram að þrígga til sex ára börn tjáðu í samskiptum sínum gildin ábyrgð, umhyggju og virðingu. Börnin létu sig þarfar annarra varða og tjáðu rétt sinn þegar þau studdu hvert annað. Þau báru einnig virðingu fyrir reglum og valdastöðu kennara sinna.

Rannsóknir á átökum barna og því hvernig þau leysa ágreiningsefni hafa sýnt fram á að með auknum þroska ráði börn betur við ágreining sína á milli í leikskólanum (Danby og Theobald, 2012; Singer, Van Hoogdale, de Haan og Bekkema, 2012). Algengasti ágreiningurinn snýst um afnotarétt á hlutum, athafnir sem beinast að félögum (e. action encounters), líkamlega ertandi hegðun, það að komast inn í leik hjá öðrum börnum eða um hugmyndir (Singer og De Haan 2006). Licht, Simoni og Perrig-Chiello (2008) benda þó á að meginástæðan fyrir ágreiningi milli barna sé þörfin fyrir að rannsaka tengsl en ekki að ná afnotarétti yfir leikfangi. Eftir því sem börnin eldast verði átökin flóknari og snúist um afnotarétt, stigveldi (e. hierarchy), aukna forvitni og löngun til að kanna hegðun. Áþekkar niðurstöður komu fram í rannsókn þar sem könnuð voru félagsleg samskipti eins og tveggja ára barna í leik, en ágreiningur um leikföng tengdist oft tilraunum þeirra til að mynda tengsl við félagana og samstöðu (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Rannsókn Alvestad (2010) sýndi að börn reyna einnig að semja við féлага sína þegar þau eru í leik og nota mismunandi leiðir til að sætta ólík sjónarmið. Samskipti barnanna snerust um að ná tengslum við féлага, um leikföng og innihald leiksins. Börnum sem léku oft við önnur börn og þeim börnum sem gekk vel að mynda tengsl gekk best í samningaumleitunum í leik. Þátttaka í leik er flókin og hafa rannsóknir sýnt að aldur, vald og félagatengsl geti stundum valdið átökum milli barnanna vegna ólíkra langana (Ailwood, 2003; Grieshaber og McArdle, 2010). Einnig hefur komið fram í rannsóknum meðal ungra leikskólabarna að þau nota vald til að hafa áhrif á þátttöku félaganna í leik. Vald er þannig þáttur í samskiptunum og notað til að veita félögum hlutdeild í leik eða útiloka þá frá honum (Johansson, 2011; Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Leikur barna snýst þess vegna oft um félagslega stöðu og stuðlar þannig bæði að réttlæti og óréttlæti (Corsaro, 2009; Löfdahl, 2010). Jóhanna Einarsdóttir (2012) kom einnig auga á slíkar aðstæður í rannsókn sinni á minningum grunnskólabarna úr leikskólum, en sum barnanna höfðu upplifað óréttlæti þegar félagar í sterkari félagslegri stöðu notuðu vald sitt til að útiloka þau frá leik. Þannig geta börn í leik jaðarsett önnur börn með athöfnum sínum.

## Gildamenntun í leikskóla

Gildamenntun tengist kennslu eða starfsháttum þar sem gert er ráð fyrir að börn tileinki sér gildi. Gildamenntun er tvíþætt; birtist annars vegar í opinberum námskrám og svo óbeint þegar gildum er miðlað í starfsháttum og kennslu í skólum (Thornberg og Oguz, 2013). Gildi birtast því í samskiptum barna í leik og ákvarðanir leikskólakennara og samskipti þeirra við börnin í daglegu lífi í leikskólanum fela í sér gildi og birtast í félagslegu, menningarlegu og efnislegu umhverfi leikskóla. Rannsóknir benda til þess að gildum sé oft miðlað ómeðvitað í samskiptum og þau séu sjaldan

rædd meðal kennara í leikskólum (Juutinen og Viljamaa, 2016; Thornberg og Oguz, 2013). Þó að börn tjái eigin sjónarmið frá unga aldri sýna rannsóknir að þau þarfnast stuðnings kennara við að skapa tengsl við félagana og viðhalda leik (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Félagatengsl og samstaða og það hvaða reglur eru mótaðar um ágreining barna ráða miklu um það hvernig þau læra lýðræðisleg gildi (Singer og de Haan, 2006). Í rannsókn þar sem könnuð voru viðhorf ungra leikskólabarna til hlutverks starfsmanna í leik kom fram að þegar afskipti byggðust á því að nálgast börnin tilfinningalega höfðu þau jákvæð áhrif á leik þeirra og samskipti (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2015). Rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á að börn óska eftir stuðningi frá kennurum við að leysa ágreining og skapa sér stöðu innan hópsins (Kragh-Müller, 2006; Sandberg, 2002) en þeim finnst mikilvægt að kennarar átti sig á og viðurkenni ólík sjónarmið andstæðinga í átökum (Hjorth 1996). Í nýlegri rannsókn þar sem ágreiningur og andstaða barna í leikskóla var könnuð með tilliti til þess hvernig börn læra gildi kom í ljós að ef ágreiningur milli barna á að leiða til lýðræðislegs náms verður að leggja áherslu á það að börnin beri virðingu fyrir þeim sem þau greinir á við (Johansson og Emilson, 2016). Rannsókn þar sem ágreiningur milli leikskólabarna var kannaður leiddi í ljós að ef börn beita líkamlegum styrk í átökum dregur það úr möguleikum þeirra til að halda leik áfram eftir ágreining. Í ljósi þessa er bent á að kennarar ættu fremur að styðja félagatengsl þegar þeir hlutast til um leik en að einblína á persónuna sem þeir telja að eigi upptökin að ágreiningnum (Singer o.fl., 2012). Þetta rímar við niðurstöður Broadhead (2009) sem leggur áherslu á að ef nýta á reynslu barna í leik sem leið til að kenna þeim gildi þurfi að byggja starfshætti á leik (e. playful pedagogy) og skilningi á tilgangi og merkingu leiks. Börn þurfi jafnframt umhverfi þar sem leikur er í forgrunni námsins í stað áherslu á sérstakar aðferðir til að leysa árekstra milli barna. Komið hefur í ljós að ígrundun kennara um atvik í starfinu geta gagnast við að koma auga á og ræða gildi í daglegum samskiptum í leikskólum (Puroila og Haho, 2017). Í annarri rannsókn, þar sem áhersla var lögð á vinnu með gildi í leikskóla, kom fram að kennarar töldu mikilvægt að ræða gildi með börnunum og talið var einkar mikilvægt að hvetja börnin til að skilja sjónarmið hvert annars þegar þau voru studd við lausn ágreinings (Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2016).

## Rannsóknarspurningar

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig yngstu börnin í leikskóla líta á samskipti við félagana. Með þessari rannsókn er ætlunin að skapa viðbót við þá þekkingu sem fyrir er og gefa innsýn í það hvaða gildi yngstu börnin aðhyllast í leik og hver verða tilefni ágreinings þeirra á milli. Börn tjá gildi með látbragði og tali um fyrirætlanir, hugmyndir og samninga í tengslum við eigin hegðun og annarra í leik. Þannig miðla börnin gildum og takast á um gildi sem tengjast því hvað er gott og slæmt og rétt og rangt í eigin athöfnum og annarra. Athafnir barnanna í leik eru þannig taldar merkingarbærar og geta veitt innsýn í sjónarmið þeirra og upplifun.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- Á hvaða gildi leggja börn áherslu í samskiptum og leik?
- Hvernig bregðast börnin við ágreiningi um gildi sem koma upp í leik og samskiptum?

## Aðferð

### Þátttakendur

Rannsóknin var gerð í einum leikskóla í Reykjavík. Þátttakendur voru 46 börn á tveimur deildum og átta starfsmenn, bæði leikskólakennarar og leiðbeinendur. Deildirnar verða hér á eftir kallaðar Strönd og Fjall. Á Strönd voru 20 eins til tveggja ára börn og á Fjalli voru 26 tveggja til þriggja ára börn og örfá fjögurra ára börn. Gögnum var safnað í leikskólanum á fimm mánaða tímabili. Leikstundir barnanna voru valdar til athugunar en þær eru kallaðar „frjáls leikur“ í dagskipulagi leikskólans. Frjáls leikur gefur til kynna að börnin hafi nokkurt frjálsræði varðandi val á viðfangsefnum og leikfélögum. Á báðum deildum stóð frjálsi leikurinn yfir í um það bil klukkustund eftir morgunverð. Meðan börnin voru að leik voru tveir til þrjú starfsmenn með þeim og venjulega var einn þeirra leikskólakennari. Starfsmenn skiptust á að fara í kaffi á þessum tíma.



## Vettvangur

Fjögur leikrymi mynduðu deildirnar; tvær stórar leikstofur og tvö minni herbergi. Leikrymunum var skipt upp í mismunandi leiksvæði. Á Strönd, þar sem yngri hópurinn var, voru há borð og stólar fyrir börnin. Á báðum deildum var heimilissvæði þar sem börnin höfðu aðgang að fjölbreyttu leikfni, svo sem leikföngum sem snertu heimilishald, húsgögnum í mátulegri hæð fyrir þau auk fatnaðar fyrir hlutverkaleik. Einnig var úrval kubba, smádyra, spila og bóka sem börnin léku sér að við borð eða á gólfi í minni herbergjum. Hluti leikfnisins var í hæð barnanna meðan annar efniviður, svo sem málning, ýmiss konar kubbar og púsluspil, var utan seilingar. Í upphafi leikstundar létu börnin í ljós áhuga sinn á leikföngum og leikfélögum en sum barnanna höfðu byrjað að leika saman meðan félagarnir luku við morgunverðinn og héldu því áfram. Á báðum deildum voru börnin einnig aðstoðuð við að finna leikföng og leiksvæði og þess gætt að þau dreifðust niður á leikstofur og leiksvæði. Meðan börnin léku sér voru starfsmenn til staðar í báðum stærri leikstofunum en rannsakandi var einn með börnunum í minni leikherbergjunum.

Á Strönd settu starfsmenn gjarnan kubba og önnur leikföng sem geymd voru í háum hillum á háu borðin og buðu börnunum að setjast við borð og leika með þau. Börnin bentu einnig á leikföng sem þau langaði til að leika sér að. Stundum lögðu starfsmenn bolla og diska á borð í hæð barnanna, byrjuðu leik og hvöttu síðan börnin til að leika saman. Börnin höfðu frelsi til að ganga á milli svæða í leikstofunum.

Á Fjalli var gert ráð fyrir því að börnin lékju sér á því svæði þar sem þau hófu leik í upphafi leikstundar. Stundum settu starfsmenn teppi yfir borð og hvöttu börnin til að leika undir borðinu.

Auk þess að sjá um að börnin hefðu eitthvað fyrir stafni blönduðu starfsmenn sér inn í leik barnanna ef þeir töldu ástæðu til, til dæmis þegar ágreiningur kom upp á milli þeirra eða ef börnin óskuðu eftir aðstoð við samskipti sín.

## Gagnasöfnun

Við rannsóknina voru myndbandsupptökur meginrannsóknaraðferðin. Vettvangsnótur voru einnig skráðar í rannsóknarferlinu, bæði áður en upptökur hófust og samhliða þeim. Við myndbandsupptökurnar var notuð ein lítil upptökuvél, en mikilvægt var að vera hreyfanlegur og fylgja börnunum eftir í leiknum. Til að fá sem best yfirlit yfir athafnir barnanna í leikstundunum fóru upptökur fram á ólíkum leiksvæðum í leikherbergjunum. Smám saman var athyglinni beint í lengri tíma í senn að leik barnanna, til dæmis á heimilissvæðinu eða í litlu leikherbergjunum. Alls var 32 klukkustundum af myndbandsupptökum safnað og þar af voru 45 klippur sem voru 2–25 mínútur að lengd afritaðar yfir í ritaðan texta. Viðmið við val á klippum til afritunar var að þær gæfu tilefni til að álykta um gildi og ágreining um gildi í samskiptum og leik barnanna.

## Siðfræðileg álitamál

Rannsakendur hafa siðferðilegar skyldur gagnvart öllum þátttakendum í rannsóknnum, óháð aldri. Meginskylda þeirra er að bera virðingu fyrir fólki (Alderson, 2014). Aðgangur að þátttakendum í rannsóknnum hefur venjulega verið á valdi fullorðinna. Í menntunar- og bernskurannsóknnum er lögð áhersla á þátttöku barna og rétt þeirra til þess að gefa samþykki fyrir þátttöku. Í því samhengi er rætt um að gera rannsóknir með börnum en ekki á börnum eins og algengt var áður (Bae, 2009; Dockett, Einarsdóttir og Perry, 2012). Í þeirri rannsókn sem hér um ræðir voru fengin leyfi frá rekstraraðila leikskólans, leikskólastjóra, leikskólakennurum, foreldrum barnanna og börnunum. Börn og fullorðnir eru í ólíkri valdastöðu og það getur haft áhrif á hvort börnin gefi raunverulegt samþykki sitt fyrir rannsókninni (Robson, 2011). Ungur aldur barnanna í rannsókninni gerir það að verkum að ekki var möguleiki á að ræða við þau um rannsóknina. Börnin eru viðkvæm og geta verið háð fullorðnum sem kallar á að fylgst sé náið með líkamlegri tjáningu barnanna (Dockett, o.fl., 2012; Løkken, 2012). Í þessari rannsókn reyndi rannsakandi að vera nálægt börnunum og bregðast við frumkvæði þeirra án þess að taka beinan þátt í leikskólastarfinu. Þetta krafðist stöðugrar ígrundunar um ákvarðanir sem voru teknar í „hita leiksins“ varðandi eigin þátttöku í lífi barnanna. Stundum gáfu börnin til kynna með tjáningu að þeim fyndist ekki þægilegt að hafa rannsakanda nærri. Þó að allir foreldrar hefðu samþykkt rannsóknina fyrir hönd barna sinna var talið mikilvægara að hlusta á börnin og bregðast við í samræmi við það. Þegar túlkunin var á þá

lund að börnin vildu ekki taka þátt, sem ekki gerðist oft, var leiksvæðið yfirgefið eða upptökunni beint í aðra átt. Eftir því sem á rannsóknina leið hættu börnin að tjá óánægju sína með viðurvist rannsakanda. Það gefur til kynna að tengsl milli rannsakanda og barna séu mikilvægur þáttur í rannsóknarferli. Því er ljóst að rannsóknir með börnum krefjast sérstakrar siðferðilegrar varkárni þar sem rannsakandinn túlkar tjáningu barnanna sem samþykki eða ekki. Sørensen (2014) heldur því fram að rannsakandinn sé í mikilvægri siðferðilegri stöðu þar sem hann verði að vera viss um samþykki barnanna allt rannsóknarferlið. Hatch og Coleman-King (2014) benda á að sérstakrar gætni sé þörf þegar notuð er myndræn tækni í rannsóknum og að jafnframt þurfi að íhuga vel hvernig gögnin eru kynnt. Myndbandsupptökur geta verið inngrip í einkalíf barna sem og fullorðinna. Upptökurnar eru í rauntíma og því þarf að huga vel að því hvernig gögnin eru geymd meðan á rannsókninni stendur og jafnframt að eyða upptökum þegar rannsókn lýkur. Ákvarðanir um kynningu og útgáfu efnis sem byggt er á myndbandsupptökum verða að grundvallast á siðferðilegum viðmiðum til þess að tryggja trúnað við þátttakendur. Í þessari rannsókn voru myndbandsupptökurnar aðeins notaðar við greiningu gagna en ekki við kynningu á rannsókninni. Trúverðugleiki rannsóknarinnar snýr að því að leitast var við að gefa margvíslegri túlkun gagnanna gaum. Jafnframt að ígrunda mögulega hlutdrægni rannsakanda, til dæmis hvort eigin reynsla og skoðanir lituðu túlkun niðurstaðna.

## Greining gagna

Gagnagreining hófst meðan á rannsókninni stóð en horft var jafnt og þétt á myndbandsupptökurnar til þess að kynnast efninu, ígrunda og taka ákvarðanir um næstu skref. Ákvarðanir gátu til dæmis snúist um upptöku þar sem komu fram áhugaverðir þættir sem ástæða var talin til að kanna frekar til að skilja betur tjáningu barnanna og tengsl.

Gögnin voru einnig greind eftir þemum. Samkvæmt Braun og Clarke (2006) er þemagreining sveigjanleg aðferð sem notuð er til að skipuleggja og greina gögn í þeim tilgangi að koma auga á og lýsa endurteknum mynstrum eða þemum innan gagnasafns. Þemu lýsa mikilvægum atriðum sem tengjast rannsóknarspurningunum og koma fram í gögnunum. Greining gagnanna í þessari rannsókn var ekki línulegt ferli, heldur átti sér stað í gagnkvæmum þrepum þar sem þemun birtust í greiningunni. Í byrjun voru allar afritanir lesnar nákvæmlega og kóðaðar á þeim stöðum þar sem börnin tjáðu sjónarmið sín sem tengdust rannsóknarspurningunum. Skráð voru dæmi eða útdrættir (e. extracts) þar sem tjáning barnanna var flokkuð og upphaflegu kóðunum safnað saman í þemu. Því næst voru þemu skilgreind og tengd dæmunum til þess að skilja betur samhengið í tjáningu barnanna út frá þeirra sjónarhorni. Að því búnu voru þemun, afrituð dæmi og myndbandsupptökur skoðuð til þess að ganga úr skugga um tengsl milli kóðuðu dæmanna/útdráttanna og allra gagnanna. Lokaskrefið í gagnagreiningunni byggðist á því að velja góð dæmi tengd gögnum, rannsóknarspurningum og fræðum. Þó að myndbandsupptökur hefðu verið afritaðar yfir í ritaðan texta reyndist jafnframt nauðsynlegt að horfa á upptökurnar til þess að skoða smáatriði og skilja þannig betur samskipti og tjáningu barnanna. Í greiningu gagna og niðurstöðum er lögð áhersla á tjáningu sem átti sér stað í myndbandsupptökunum og er staðfest með rituðum lýsingum á samskiptum barnanna. Einnig voru vettvangsnóturnar sem gerðar voru í rannsóknarferlinu gagnlegar til að varpa ljósi á samskipti barnanna og daglegt líf í leikskólanum.

Kenning Merleau-Ponty (1945/1962) um lífheiminn og fyrirbærafræðileg nálgun leggja grunn að skilningi og túlkun á tengslum og reynslu barnanna. Í samræmi við það var túlkunarfræði beitt (Bengtson, 2013; Gadamer, 2004), en hún gaf möguleika á að skoða hvert myndbandsbrot frá ólíkum sjónarhornum með ólíkar spurningar eða börn í huga. Túlkun á samskiptum annarra felur þó ætíð í sér margræðni og breytileika. Þess vegna verður aldrei hægt að segja með fullkominni vissu hver raunveruleg upplifun barnanna var.

## Niðurstöður

Markmið rannsóknarinnar var að kanna, út frá sjónarhorni barna á aldrinum eins til þriggja ára í einum leikskóla, hvaða gildi birtust í leik þeirra og samskiptum. Einnig skyldi kanna hvernig börnin brygðust við ágreiningu um gildi sem upp kæmi á milli þeirra í samskiptum og leik. Þemun sem birtust í látbragði og tali barnanna lýsa þannig álitum þeirra á því hvað er gott og slæmt og rétt og rangt í tengslum við eigin hegðun og annarra.

Þemur sem kynnt eru í niðurstöðunum eru dæmi um það að tjáning barnanna á gildum birtist í samskiptum þeirra í leik. Börnunum hafa verið gefin gervinöfn til þess að halda trúnað við þau. Tvö svið gilda komu fram í leiknum; annars vegar gildi sem tengdust einstaklingnum og hins vegar gildi sem tengdust barnahópnum og daglegu starfi í leikskólanum. Fjögur meginþemu komu í ljós sem sýna tjáningu barnanna á mikilvægum gildum í leiknum; (a) réttindi (b) umhyggja, (c) að tilheyra, (d) agi.

## Réttindi

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að réttur barnanna til leiks og leikfanga var mikilvægur í augum þeirra. Réttur þeirra birtist skýrt í samskiptunum um afnot af leikföngum og á leiksvæði. Að ná leikfangi fyrstur virtist veita afnotarétt á leikfanginu og að vera fyrstur inn á leiksvæði veitti þeim sömuleiðis réttindi umfram þau sem síðar komu. Börnunum virtist vera mikilvægt að virða afnotarétt annarra og sum barnanna héldu á leikfangi allan leiktímann án þess að annað barn reyndi að nálgast það. Ef félagi girtist leikfang í hendi annars barns vörðu sum barnanna rétt sinn meðan önnur gerðu það ekki. Í dæminu hér á eftir beinist athyglin að tveimur stelpum, Emmu og Kristínu, sem eru báðar tæplega tveggja ára gamlar. Emma er með leikföng sem Kristín hefur áhuga á. Ásta leikskólakennari situr á gólfinu í leikherberginu og les bók fyrir tvö börn.

*Emma gengur um með dúkkukerru sem í eru nokkrar dúkkur. Kristín kemur og reynir að taka eina þeirra. Emma hrópar upp og horfir á Ástu sem situr á gólfinu og er að lesa bók fyrir tvo stráka. Ásta biður stelpurnar um að „leika með dúkkurnar saman“ um leið og hún stendur upp og tekur eina dúkku úr vagninum og réttir í áttina að Kristínu. Kristín hristir höfuðið og horfir á Emmu. Emma tekur dúkkuna úr höndum Ástu og réttir Kristínu, sem tekur við henni. Ásta byrjar aftur að lesa. Nú reynir Kristín að taka dúkkuvagninn af Emmu, sem æpir aftur. Ásta bendir á að þær „eigi að nota vagninn saman“. Kristín sleppir vagninum, gengur í burtu og horfir á Emmu. Þær horfa hvor á aðra um leið og Emma heldur áfram að ganga um með dúkkuvagninn. Kristín gengur til Ástu, sem spyr hana hvort hún vilji koma og hlusta á sögu.*

Kristín tjáir löngun sína og rétt á að leika með dúkkurnar. Hún reynir að taka eina þeirra af Emmu en hún virðist túlka athafnir Kristínar sem brot á hennar eigin rétti. Tilgangur Emmu með því að draga Ástu inn í ágreininginn virtist vera að fá stuðning. Ásta leggur áherslu á „regluna“ um að leika saman með leikföngin. Þó að Kristín hafi ögrað rétti Emmu, þá neitar hún að taka dúkkuna úr hendi Ástu með því að hrista höfuðið og horfa á Emmu. Stelpurnar sætta sjónarmið sín með því að horfa hvor á aðra og Emma réttir Kristínu dúkku, sem hún þiggur. Samskiptin og dúkkuna má túlka sem samhuglægni milli stelpnanna. Jafnframt má túlka samskiptin sem vilja Emmu til að fara eftir leiðbeiningum Ástu um að deila leikföngum með öðrum. Átök byrja aftur milli stelpnanna þegar Kristín gerir sig líklega til að taka dúkkuvagninn. Emma æpir og lítur á Ástu sem áréttar að stelpurnar geti leikið saman. Kristín gengur burt frá Emmu en horfir stöðugt á hana. Þá athöfn má túlka þannig að hún samþykki rétt Emmu til dúkkuvagnsins, og Ásta staðfestir þann rétt með því að bjóða Kristínu að koma og hlusta á söguna.

## Umhyggja

Gildi sem tengdust vitund barnanna um vellíðan annarra voru, út frá þeirra sjónarhorni, það að vera góður og sýna öðrum umhyggju og réttlæti. Gildin voru tjáð bæði gagnvart félögunum og starfsmönnum. Í dæminu hér á eftir má sjá samvinnuð gildi umhyggju og réttinda í samskiptum tveggja stráka sem eru tæplega tveggja ára gamlir. Þeir sitja saman í horni í öðru stóra leikherberginu og þar eru einnig fleiri börn að leik.

*Alexander heldur á skruflykli og Róbert reynir að taka hann af honum. Róbert hættir við og réttir út höndina í áttina að Alexander og horfir stíft á hann með sorgarsvip á andlitinu. Alexander horfir á móti en setur höndina með skruflyklinum aftur fyrir bak. Nú vekja önnur börn í herberginu athygli Róberts og Alexander fer að þykjast vera að gera við*



*trébil. Þegar Róbert horfir aftur á Alexander felur hann strax skrúflykilinn fyrir aftan bak. Strákarnir horfast í augu um stund. Nú draga önnur börn aftur að sér athygli Róberts og Alexander byrjar að gera við. Eftir stutta stund réttir hann Róbert skrúflykilinn og Róbert byrjar að gera við trébilinn sem Alexander hafði verið að leika með áður. Alexander fylgist spenntur með athöfnum Róberts og nær í gröfu og setur hana við hlið Róberts, sem byrjar að gera við hana.*

Í upphafi reynir Róbert að taka skrúflykilinn af Alexander en hann heldur fast um hann. Róbert hættir við og viðurkennir rétt Alexanders til leikfangsins. Með líkamstjáningu sinni, svipbrigðum og augnsambandi, gefur Róbert til kynna löngun sína í leikföngin. Alexander sýnir umhyggju fyrir félaganum sínum og veitir honum hlutdeild í leiknum þegar hann réttir honum skrúflykilinn.

## Að tilheyra

Börnin gáfu til kynna mikilvægi þess að tilheyra barnahópnum. Í dæminu hér á eftir eru Anna, Davíð og Pétur, öll rúmlega þriggja ára gömul, að leik inni í einu af litlu leikherbergjunum. Anna og Davíð léku oft saman í leikskólanum og Pétur lék stundum við þau. Sjá má hvernig börnin koma sér á framfæri og semja um ólík sjónarmið með leikrænum hætti. Jafnframt birtast þarna ójöfn valdatengsl sem virðast hafa áhrif á upplifun barnanna af samstöðu og því að tilheyra leiknum með félögunum.

*Anna, Davíð og Pétur, öll rúmlega þriggja ára gömul, sitja á dýnu á gólfinu og eru að leika með lítil dýrahús og girðingarbúta. Pétur tengir búтана saman og setur á höfuðið á sér og segir: „Þetta er sjóræningjahattur.“ Anna gerir eins en Davíð býr til sverð. Hann byrjar að skylmast við Önnu og þau hlæja bæði. Pétur lítur á þau, horfir á Davíð og segir að þeir séu í sama liði. Davíð svarar: „Já, við erum báðir með brúna girðingu,“ og lítur um leið á Önnu sem er með hvíta. Nú skylmast þau öll, hlæja og tala um það hvernig sverðin brotna þegar þau hæfa hvert annað. Davíð stingur upp á að þau haldi áfram að skylmast en Anna hendir sverðinu á gólfíð og segir við Pétur: „Eigum við að halda áfram með?“ og setur fingurna að nefinu: „Na, na, na, bu, bu.“ Pétur horfir á hana, hristir höfuðið, sest á dýnuna og slær sverðinu á húsið. Anna og Davíð gera eins og hlæja. Pétur byrjar að setja saman stafi úr girðingunum og segir: „Þetta er stafurinn minn.“ Davíð og Anna neita því að þetta sé fyrsti stafurinn í nafninu hans en þau byrja líka að búa til stafi og ræða um hvaða stafi þau eru að búa til. Anna stendur upp og Davíð fylgir henni. Hann setur handlegginn yfir axlir hennar og þau ganga um herbergið og hlæja. Pétur lítur á þau og stendur upp, stekkur í áttina til þeirra og brosir, og þau brosa til hans. Pétur sest aftur á dýnuna og Anna kemur til hans og faðmar hann og hlær hátt. Pétur reynir að losa sig og hrista hana af sér og segir með pirring í röddinni: „Anna, hættu að gera þetta.“ Nú kemur Davíð og leggst ofan á bakið á Pétri sem áfram reynir að losa sig undan þeim með því að hrista sig og segir: „Davíð, hættu að gera þetta.“ Anna grípur utan um báða strákana í stutta stund en sleppir Davíð. Þau liggja áfram ofan á Pétri sem biður þau ítrekað um að hætta.*

Vegna tengsla Önnu og Davíðs kann Pétur að hafa upplifað sig í viðkvæmri stöðu í leiknum. Þegar þau byrja að skylmast snýr Pétur sér að Davíð og stingur upp á að þeir „seu í sama liði“ og Davíð tekur undir það. Með þessu tjáir Pétur tjáir rétt sinn til að leika og virðist reyna að fá staðfestingu á því að hann tilheyri hópnum. Börnin byrja að skylmast, brosa og hlæja og skapa þannig samstöðu með leikrænum athöfnum. Hins vegar birtast ólík sjónarmið þegar Davíð vill halda áfram að skylmast en Anna gefur til kynna að hún vilji það ekki og snýr sér að Pétri á leikrænan hátt. Pétur hafnar því að leika við Önnu og slær sverðinu sínu í gólfíð og hin börnin gera eins. Þegar Pétur byrjar að gera stafi úr kubbunum, þá hafna Anna og Davíð því að Pétur sé að gera rétta stafi. Þau hefjast líka handa við að gera sína stafi. Önnu og Davíð hefur hugsanlega fundist Pétur ógna tengslum þeirra í leiknum og staðfesta það með athöfnum sínum. Þau draga í efa það sem Pétur er að gera með kubbunum og ganga svo um herbergið þar sem Davíð heldur utan um Önnu. Þegar Anna leggst ofan á Pétur og hlær um leið gefur hún merki um leik og að hún vilji leika við hann. Pétur upplifir hins vegar ekki athafnir hennar sem leik og biður hana að hætta. Þegar Davíð tekur afstöðu með Önnu og leggst ofan á Pétur sem virðist upplifa þetta enn frekar sem árás. Anna og Pétur nota því líkamlegt vald og tengsl til að ögra gildinu um samkennd og rétti Davíðs til að tilheyra leiknum með þeim.

## Agi

Agi var einnig mikilvægt gildi í augum barnanna og snerist um reglur um hegðun og meðferð leikfanga sem starfsmenn lögðu áherslu á í leikstundunum. Eldri börnin tóku gjarnan ábyrgð og leiðbeindu yngri börnunum. Dæmið sem hér fer á eftir sýnir fjórar tveggja ára stelpur að leik og tilraun einnar þeirra til að nota leikfang á óhefðbundinn og skapandi máta sem var í andstöðu við reglur á deildinni. Í dæminu koma einnig fram viðbrögð félaganna, sem leitast við að viðhalda reglunum.

*Fjórar stelpur, lóunn, Jóhanna, Hekla og Linda, eru að leika saman á heimilissvæðinu. Hekla situr við lítið borð og er að leika með tölvu. Linda gengur um í kjól og háhæluðum skóm. lóunn situr í dúkkuvagni og Jóhanna gengur um með hana. lóunn stendur upp og tekur dúkkurúm, snýr því við og reynir að nota það sem rennibraut. Stelpurnar horfa á lóunni og Hekla segir: „Þetta má ekki.“ Þær ganga allar í áttina til lóunnar og ota hnefanum ógnandi í áttina að andlíti hennar. lóunn horfir ákveðið á þær en heldur síðan áfram og klífrar upp á rúmið og rennir sér niður aftur og aftur. Hún hvetur Jóhönnu glaðlega til að taka þátt. Eftir smástund byrjar Jóhanna líka að renna sér. Þær skiptast á að renna sér og segja hvor annari „að passa að detta ekki“.*

Rúmið vekur athygli lóunnar og hún sér möguleika á að nota það í leik. Athafnir lóunnar draga að sér athygli hinna stelpnanna og ólík sjónarmið og áhersla á mismunandi gildi koma fram í samskiptum þeirra. Stelpurnar taka á sig ábyrgð á því að viðhalda reglum um meðhöndlun leikfanga og reyna að leiðbeina lóunni í átt að „réttari“ hegðun. lóunn ver rétt sinn til leiks og með hegðun sinni sýnir hún andstöðu við aga og reglur. Hún heldur áfram að leika þrátt fyrir athafnir leikfélaganna og hvetur Jóhönnu til þátttöku. Löngun Jóhönnu til að taka þátt í leiknum verður yfirsterkari reglum um notkun leikfanga og hún byrjar leikinn. Í samskiptum sínum tjá þær gildi umhyggju hvor fyrir annari með því að benda á að þær verði að fara varlega og detta ekki úr „rennibrautinni.“

## Samantekt og umræða

Markmið rannsóknarinnar var að kanna, út frá sjónarhorni barna á aldrinum eins til þriggja ára í einum leikskóla, hvernig gildi birtast í samskiptum þeirra í leik og hvernig börnin takast á við ágreining um gildi. Niðurstöður rannsóknarinnar eru ræddar í ljósi þess að sjónarmið barnanna geti gefið innsýn í gildamenntun í leikskóla. Fjögur samtvinnuð meginþemu komu í ljós og sýna tjáningu barnanna á mikilvægum gildum í leiknum; (a) réttindi (b) umhyggja, (c) að tilheyra, (d) agi.

## Gildi í samskiptum og leik

Rannsóknin staðfestir að samkvæmt sjónarhorni barnanna er leikur ákjósanlegur vettvangur til þess að skapa tengsl og læra gildi en hann gat jafnframt verið áskorun. Um leið og börn taka þátt í samskiptum í leik skapa þau merkingu og þurfa að koma eigin sjónarmiðum á framfæri auk þess að bregðast við sjónarmiðum annarra. Þegar barn rétti öðru barni leikfang gaf það til kynna að það vildi leika. Þannig gat leikfangið til dæmis gegnt því hlutverki að styðja tengsl milli barna. Leikfang gat einnig verið miðdepill átaka þegar börn tjáðu afnotarétt sinn. Þannig myndar hið einstaklingslega og hið félagslega samfellda heild, eins og Merleau-Ponty (1945/1962) bendir á. Samskiptin kölluðu á tilfinningaleg viðbrögð og mat af margvíslegum toga þar sem fyrirætl-anir, réttur, hugmyndir, og sameiginleg skuldbinding um hegðun var samþykkt eða slíku hafnað. Í dæminu um samskipti Emmu og Kristínar, um dúkkurnar og dúkkukerruna, mátti sjá hvernig þær tjáðu réttindi sín og löngun til að vera saman. Dæmið sýnir einnig að rétturinn til að leika með leikföngin er mikilvægt gildi og jafnframt birtir það ólíka sýn á þennan rétt. Hæfni stelpnanna kemur í ljós þegar þær sætta sjónarmið sín en þær ráða ekki við að viðhalda tengslunum og leysa ágreininginn um dúkkuvagninn einar og leita því eftir stuðningi leikskólakennarans. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að leikskólakennarar sem starfa með ungum börnum þurfi að veita líkamlegri tjáningu gaum þar sem hún getur veitt innsýn í merkingarsköpun barna. Leikskólakennarar eiga að örva og ýta undir tengsl milli barnanna, en um leið þurfa þeir að þekkja og skilja þau flóknu samskipti sem eiga sér stað í leiknum. Í kenningu Merleau-Ponty (1945/1962) er bent á að heimurinn einkennist af margræðni sem meðal annars birtist í því að barnið getur

verið hæft í samskiptum sínum við umhverfið en samt hjálparþurfi að einhverju leyti. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2015; Hjorth, 1996) þar sem kemur fram að í augum barna er mikilvægt að kennarar viðurkenni og virði ólík sjónarmið þeirra sem eiga í ágreiningi. Dæmið sýnir einnig að það getur verið flókið fyrir leikskólakennara ungra barna að deila sér á milli barna í hópnum og styðja samskipti þeirra, tengsl og leik. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að gildum er oft miðlað ómeðvitað í samskiptum og þau sjaldan rædd meðal kennara í leikskólum (Juutinen og Viljamaa, 2016; Thornberg og Oguz, 2013). Í leik Alexanders og Róberts með skruflykilinn, þar sem líkamstjáníningin var einnig þungamiðja, má glögglega sjá gildin umhyggju og réttlæti í forgrunni samskiptanna þegar Róberti er veitt hlutdeild í leiknum. Athyglisverð er hæfni strákanna í að skapa sameiginlegan grundvöll fyrir leikinn þar sem þeir túlka tjáníngu hvor annars. Alexander og Róbert höfðu í nokkurn tíma leitast eftir að leika saman í leikskólanum. Tengslin og vinátan virðast því hafa ráðið nokkru um að þeir sýndu hvor öðrum umhyggju og virtu ólík sjónarmið í leiknum. Þetta rímar við aðrar rannsóknir úr leikskólum sem sýna að börnum sem leika oft saman og hafa myndað tengsl gengur betur í samningaumleitunum um leik (Alvestad, 2010). Af þessu má ráða að gildamenntun í leikskóla snúist að stórum hluta um að skapa börnum ákjósanlegar námsaðstæður þar sem þau fá tækifæri og stuðning til að þróa tengsl sín á milli gegnum samskipti í leik. Það er í samræmi við rannsóknir Singer og de Haan (2006) sem benda á að félagstengsl og samstaða barna skipti miklu máli varðandi það hvernig þau læra lýðræðisleg gildi.

## Ágreiningur um gildi

Samskipti barnanna í leik voru flókin og gátu haft áhrif á samstöðu þeirra og upplifun af að tilheyra barnahópnum. Gildin sem voru mest áberandi í samskiptum þeirra snerust um samkennd og að deila leiknum með félögum. Meðan börnin voru að leik kom fyrir að þau ögruðu gildum sem snerust um umhyggju og vellíðan annarra og komu þá fram ójöfn valdatengsl í samskiptunum. Aðrar rannsóknir hafa einnig sýnt að leikur barna snýst oft um félagslega stöðu og getur þess vegna stuðlað bæði að réttlæti og óréttlæti (Corsaro, 2009; Löfdahl, 2010). Í samskiptum Önnu, Davíðs og Péturs má sjá að þeim er mikilvægt að tilheyra leiknum. Börnin semja um ólík sjónarmið og ójöfn valdatengsl virðast hafa áhrif á stöðu þeirra í leiknum. Rannsóknin bendir til þess að mikilvægt sé að viðurkenna slíkan ágreining sem þátt í samskiptum barna og styðja þau við lausn hans. Leikur barna og reynsla þeirra af ágreiningi og því hvernig hann er leystur gefur þeim kost á námi sem tengist gildum. Möguleikar á lýðræðislegu námi byggjast á því, samkvæmt rannsókn Johansson og Emilson (2016), að áhersla sé lögð á virðingu fyrir sjónarmiðum annarra. Þær niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Hess (2009) sem telur að í þróun lýðræðislegrar menntunar verði að gefa gaum að ágreiningi þar sem hið einstaklingslega og félagslega sjónarhorn takast á. Þannig hafa samskipti barna í leik áhrif á það hvernig þau túlka eigið hlutverk og annarra og læra um það. Í leiknum tjáðu börnin gildi sem tengdust aga og fólust í því að virða reglur um hegðun og notkun á leikefni í leikstundum. Eldri börnin sýndu gjarnan þeim fullorðnu samstöðu og tóku ábyrgð og leiðbeindu yngri börnunum sem fylgdu ekki reglunum sem þeir höfðu sett. Í dæminu um leik lóunnar, Jóhönnu, Heklu og Lindu má sjá tilraun lóunnar til að nota rúm á óhefðbundinn og skapandi máta og þá togstreitu sem myndast þegar félagarnir reyna að viðhalda reglunum. Í rannsókn Johansson (2009) kemur einnig fram að börn virðast leggja megináherslu á gildi sem tengjast leikskólaumhverfi þeirra. Draga má af því þá ályktun að mikilvægt sé fyrir leikskólakennara að ígrunda ríkjandi gildi og reglur sem leikskólastarfið byggist á og skoða hvernig börn og fullorðnir skilja gildin og eiga samskipti um þau. Jafnframt þurfa þeir að íhuga hvaða námstækifæri felist í því þegar börn verja rétt sinn og reyna að hafa áhrif á reglur og skipulag. Sjónarmið barna og framlag þeirra getur skapað möguleika til að skoða ríkjandi reglur í leikskólanum og hvaða gildi börnin tileinka sér. Gildamenntun í leikskóla fer að stórum hluta fram í daglegu starfi, samskiptum og leik. Þess vegna er mikilvægt að byggja starfið á heildstæðri sýn á samskipti og leik barna og líta á ágreining og andstöðu við ríkjandi gildi sem þátt í veruleika leikskólasamfélagsins.

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Ailwood, J. (2003). Governing early childhood education through play. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 4(3), 286–298.

Alderson, P. (2014). The ethics of research with young children. Í O. Saracho (ritstjóri), *Handbook of research methods in early childhood education: Review of research methodologies* (II bindi, bls. 633–653). Charlotte: Information Age Publication.

Alvestad, T. (2010). Barnehagens relasjonelle verden – Små barn som kompetente aktører i produktive forhoglinger (doktorsritgerð, Gautaborgar háskóli, Gautaborg). Sótt af <http://hdl.handle.net/2077/22228>

Bae, B. (2009). Children's right to participate – challenges in everyday interactions. *European Early Childhood Education Research Journal*, 17(3), 391–406.

Bengtson, J. (2013). With the lifeworld as ground. A research approach for empirical research in education: The Gothenburg tradition. *The Indo-Pacific Journal of Phenomenology*, 13(1), 1–18. doi:10.2989/IPJP.2013.13.2.4.1178

Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. doi:10.1191/1478088706qp0630a

Bujtendijk, F. J. J. (1933). *Wesen und sinn des spiels: Das Spielen des Menschen und der Tiere als Erscheinungsform der Lebenstriebe* [Eðli og skilningur á leik: Leikur manneskjunnar og dýra sem staðfesting á eðlishvöt]. Berlin: Kurt Wolf Verlag.

Broadhead, P. (2009). Conflict resolution and children's behaviour: Observing and understanding social and cooperative play in early years educational settings. *Early Years*, 29(2), 105–118.

Clark, A. (2010). *Transforming children's spaces: Children's and adults' participation in designing learning environments*. New York: Routledge.

Clark, A. og Moss, P. (2005). *Listening to young children*. London: National Children's Bureau and Rowntree Foundation.

Corsaro, W. A. (2009). Peer culture. Í J. Qvortrup, W. A. Corsaro og M.-S. Honig (ritstjórar), *The Palgrave handbook of childhood studies* (bls. 301–315). New York: Palgrave Macmillan.

Danby, S. og Theobald, M. (2012). "Introduction: Disputes in everyday life: Social og moral orders of children and young people." Í S. Danby og M. Theobald, (ritstjórar), *Disputes in everyday life: Social and moral orders of children and young people: Social Studies of children and youth* (15. bindi, bls. xv–xxiv). Bingley: Emerald Group Publishing. doi: pdfplus/10.1108/S1537-4661%282012%290000015004

Dockett, S., Jóhanna Einarsdóttir, og Perry, B. (2012). Young children's decisions about research participation: Opting out. *International Journal of Early Years Education*, 20(3), 244–256.

Gadamer, H. G. (2004). *Truth and method*. Gloucester: Interactive Sciences.

Grieshaber, S. og McArdle, F. (2010). *The trouble with play*. Glasgow: Open University Press.

Halstead, J. M. og Taylor, M. (2000). Learning and teaching about values: A review of recent research. *Cambridge Journal of Education*, 30(2), 169–202.

Hatch, A. J. og Coleman-King, C. (2014). Conducting early childhood qualitative research in the twenty first century. Í O. Saracho (ritstjóri), *Handbook of research methods in early childhood education* (I. bindi, bls. 441–478). Charlotte: Information Age Publication

Hännikänen, M. (2001). Playful actions as a sign of togetherness in day care centres. *International Journal of Early Years Education*, 9(2), 126–134.



Hess, D. E. (2009). *Controversy in the classroom. The democratic power of discussion*. New York: Routledge.

Hitlin, S. og Piliavin, J. A. 2004. Values: Reviving or a dormant concept. *Annual Review of Sociology*, 91(4), 1499–1528.

Hjorth, M.-L. (1996). *Barns tankar om lek: En undersökning av hur barn uppfattar leken förskolan* (doktorsritgerð, Háskólinn í Lundi). Stokkhólmur: Almquist og Wiksell International.

Howes, C. (2011). A model for studying socialization in early childhood education and care setting. Í M. Kernan og E. Singer (ritstjórar), *Peer relationships in early childhood education and care* (bls. 15–37). London: Routledge.

Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarnadóttir. (2012). Merkingarsköpun ungra barna í hreyfingu og leik. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 29–48). Reykjavík: RannUng-Háskólaútgáfan.

Hrönn Pálmadóttir og Johansson, E. (2015). Young children's communication and expression of values during play sessions in preschool. *Early Years: An international Research Journal*, 35(3), 289–302. doi: 10.1080/09575146.2015.1048429

Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Yngstu leikskólabörnin: Samfélag í leik. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 43–69.

Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2015). Young children's views of the role of preschool educators. *Early Child Development and Care*, 185(9) 1–15. Sótt af <http://dx.doi.org/10.1080/03004430.2015.1004056>

Hundeide, K. (2003). *Barns livsverden: Sosiokulturelle rammer for barns utvikling*. Oslo: Cappelen forlag.

Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2016). An action research study in an Icelandic preschool: Developing consensus about values and values education. *International Journal of Early Childhood*, 48(2), 161–177. doi: 10.1007/s1358-016-0161-5

Johansson, E. (2009). Doing the right thing': A moral concern from the perspectives of young preschool children. Í D. Berthelsen, J. Brownlee, og E. Johansson (ritstjórar), *Participatory learning in the early years: Research and pedagogy* (bls. 44–60). New York: Routledge.

Johansson, E. (2011). Investigating morality in toddler's life-worlds. Í E. Johansson og E. J. White (ritstjórar), *Educational Research with Our Youngest* (bls. 39–62). Dordrecht: Springer.

Johansson, E. og Emilson, A. (2010). Toddler's life in Swedish preschool. *International Journal of Early Childhood*, 42(2), 165–179.

Johansson, E. og Emilson, A. (2016). Conflicts and resistance: potentials for democracy learning in preschool. *International Journal of Early Years Education*, 24(1), 19–35. doi:10.1080/09669760.2015

Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Minningar úr leikskóla. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 163–178). Reykjavík: RannUng-Háskólaútgáfan.

Juutinen, J. og Viljamaa, E. (2016). A narrative inquiry about values in a Finnish preschool: The case of traffic lights. *International Journal of Early Childhood*, 2(48), 193–207. doi: 10.1007/s13158-016-0165-1

Karlsson, R. (2014). *Demokrati i förskolan: focus på barns samspel*. Stockholm: Liber.

Kragh-Müller, G. (2006). *Börneliv og opdragelse*. Kaupmannahöfn: Hans Reitzel Forlag.

Licht, B., Simoni, H. og Perrig-Chiello, P. (2008). Conflict between peers in infancy and toddler age: What do they fight about? *Early Years*, 28(3), 235–249.



- Löfdahl, A. (2010). Who gets to play? Peer groups, power and play in early childhood settings. Í L. Brooker og S. Edwards (ritstjórar), *Engaging play* (bls.126–135). Glasgow: Open University Press.
- Løkken, G. (2000). The playful quality of the toddling 'style'. *International Journal of Qualitative Studies in Education*, 13(5), 531–542.
- Løkken, G. (2009). The construction of 'toddler' in early childhood pedagogy. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 10(1), 35–42.
- Løkken, G. (2012). *Levd observasjon. En vitenskapsteoretisk kommentar til observasjon som forskningsmetode*. Oslo: Cappelen Akademisk.
- Merleau-Ponty, M. (1962). *Phenomenology of Perception* (Colin Smith þýddi). New York: Routledge (frumútgáfa 1945).
- Puroila, A. M. og Haho, A. (2017). Moral functioning: navigating the messy landscape of values in Finnish preschools. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 61(5), 540–554. doi: 10.1080/00313831.2016.1172499
- Robson, S. (2011). Producing and using video data with young children: A case study of ethical questions and practical consequences. Í D. Harcourt, B. Perry og T. Waller (ritstjórar), *Researching young children's perspectives. Debating the ethics and dilemmas of educational research with children* (bls.178–192). New York: Routledge.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. (1989). Sótt af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
- Sandberg, A. (2002). Children's concepts of teachers' way of relating to play. *Australian Journal of Early Childhood*, 27(4), 18–22.
- Sandberg, A. og Vuorinen, T. (2010). Reflecting the child: Play memories and images of the child. Í L. Brooker og S. Edwards (ritstjórar), *Engaging play* (bls. 54–66). Glasgow: Open University Press.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla Háskólaforlag Máls og menningar.
- Singer, E. og de Haan, D. (2006). Conflicts and togetherness in child day care centres. *Early Childhood Matters*, 106, 40-45.
- Singer, E., Van Hoogdalem, A., De Haan, D. og Bekkema, N. (2012). Day care experiences and the development of conflict strategies in young children. *Early Child Development and Care*, 182(12), 1661–1672.
- Sutton-Smith, B. (1997). *The ambiguity of play*. Cambridge: Harvard University Press.
- Sørensen, H. V. (2014). Ethics in researching young children's play in preschool. Í M., Fleer og A. Ridgway (ritstjórar), *Visual methodologies and digital tools for researching with young children. Transforming visibility* (bls. 193–212). Dordrecht: Springer.
- Thornberg, R. (2008). The lack of professional knowledge in values education. *Teaching and Teacher Education*, 24(7), 1791–1798. doi: <https://doi.org/10.1016/j.tate.2008.04.004>.
- Thornberg, R. og Oguz, E. (2013). Teachers' view on values education: A qualitative study in Sweden and Turkey. *International Journal of Educational Research*, 59(1), 49–56. doi:10.1016/j.ijer.2013.03.005
- Øksnes, M. (2010). *Lekens flertidighet: Om barns lek i en institusjonalisert barndom*. Oslo: Cappelen.

### Um höfund

Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræði ungra barna frá Háskóla Íslands árið 2015. Helstu áherslusvið í rannsóknum eru samskipti og leikur ungra barna ásamt starfsháttum leikskólakennara.

### Efnisorð

*Yngstu leikskólabörnin, gildi, leikur, gildamenntun*

### About the author

Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) is an assistant professor at the School of Education, University of Iceland. She completed her doctoral degree from Iceland University of Education in 2015. Her main research interests include children's interaction and play, as well as preschool teachers' pedagogical approach.

### Key words

*Young preschool children, values, play, values education*



Hrönn Pálmadóttir. (2017).

Gildi í samskiptum og leik ungra leikskólabarna

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2017 – Innsýn í leikskólastarf

Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn\\_leikskolastarf/003.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/003.pdf)